

SKÓLANÁMSKRÁ VALLASKÓLA

II Hluti



Vallaskóli

Virðing - þekking - lífsgleði

6. árgangur

GRUNNUPPLÝSINGAR	4
VIÐMIÐUNARSTUNDASKRÁ	4
TEYMIÐ Í 6. ÁRGANGI	4
SAMÞÆTTING NÁMSGREINA	5
NÁMSMAT	5
SKÓLANÁMSKRÁR NÁMSGREINA	6
ÍSLENSKA	6
<i>Kennsluskipulag</i>	6
<i>Námsþættir</i>	6
<i>Námsefni</i>	6
<i>Námsmat</i>	6
STÆRÐFRÆÐI.....	7
<i>Kennsluskipulag</i>	7
<i>Námsþættir</i>	7
<i>Námsefni</i>	7
<i>Námsmat</i>	7
SAMFÉLAGSFRÆÐI OG LÍFSLEIKNI	8
<i>Kennsluskipulag</i>	8
<i>Námsþættir</i>	8
<i>Námsefni</i>	8
<i>Námsmat</i>	8
NÁTTÚRUFRÆÐI.....	9
<i>Kennsluskipulag</i>	9
<i>Námsþættir</i>	9
<i>Námsefni</i>	9
ERLEND TUNGUMÁL - ENSKA	9
<i>Kennsluskipulag</i>	10
<i>Námsþættir</i>	10
<i>Námsefni</i>	10
<i>Námsmat</i>	10
ERLEND TUNGUMÁL - DANSKA	10
<i>Kennsluskipulag</i>	11
<i>Námsþættir</i>	11
<i>Námsefni</i>	11
<i>Námsmat</i>	11
SKÓLAÍÞRÓTTIR.....	12
<i>Kennsluskipulag</i>	12
<i>Námsþættir</i>	12
<i>Námsmat</i>	12
HEIMILISFRÆÐI.....	12
<i>Kennsluskipulag</i>	13
<i>Námsefni</i>	13
<i>Námsmat</i>	13

HÖNNUN OG SMÍÐI	13
<i>Kennsluskipulag</i>	13
<i>Námsþættir</i>	13
<i>Námsefni</i>	14
<i>Námsmat</i>	14
MYNDMENNT	14
<i>Kennsluskipulag</i>	14
<i>Námsþættir</i>	14
<i>Námsefni</i>	15
<i>Námsmat</i>	15
TEXTÍLMENNT	15
<i>Kennsluskipulag</i>	15
<i>Námsþættir</i>	16
<i>Námsefni</i>	16
<i>Námsmat</i>	16
TÓNMENNT.....	16
<i>Kennsluskipulag</i>	16
<i>Námsþættir</i>	17
<i>Námsefni</i>	17
<i>Námsmat</i>	17
UPPLÝSINGA- OG TÆKNIMENNT.....	18
<i>Kennsluskipulag</i>	18
<i>Námsþættir</i>	18
<i>Námsefni</i>	18
<i>Námsmat</i>	19

Grunnupplýsingar

Skólaárið 2024 – 2025 eru 41 nemendur í 6. árgangi 25 drengir og 16 stúlkur. Umsjónarstofur árgangsins eru 6 og 7. Alls eru nemendur í 35 kennslustundir á viku sem skiptast niður á námsgreinar samkvæmt viðmiðunarstundaskrá. Skóladagurinn hefst kl. 8:10 alla virka daga og lýkur kl. 13:40. Hádegishlé er ýmist kl. 12:10 – 12:40 eða 11:50 – 12:20 þar sem boðið er upp á gjaldfrjálsan hádegisverð. Frímínútur með útiveru eru ýmist kl. 9:30 – 9:50 eða 9:10 – 9:30 og að loknum hádegisverði.

Viðmiðunarstundaskrá

Íslenska	6 kennslustundir
Stærðfræði.....	6 kennslustundir
Samfélagsreinar og lífsleikni.....	5 kennslustundir
Náttúrufræði.....	3 kennslustundir
Enska.....	1.5 kennslustundir
Danska.....	1 kennslustund
List- og verkgreinar.....	6.5 kennslustundir
Upplýsingatækni.....	1.5 kennslustund
Íþróttir	2 kennslustundir
Sund.....	1 kennslustund
Zumba	1 kennslustund

Samtals: 35 kennslustundir á viku

Teymið í 6. árgangi

Umsjónarkennarar: *Kristrún Helga Marinósdóttir, Rannveig Harpa Jónþórsdóttir.*

Stuðningsfulltrúar: *Guðbjörg Eggertsdóttir og Guðbjörg H. Sigurdórsdóttir.*

Sérkennarar: *Linda Dögg Sveinsdóttir*


Aðrir kennarar:

- **Íþróttir** - Einar Ottó Antonsson, Aleksandar Petrovic, Sigríður Baxter Þorláksdóttir og Gylfi Sigurjónsson
- **Sund** – Einar Ottó Antonsson, Gylfi B. Sigurjónsson
- **Heimilisfræði** - Þórey Ólafsdóttir
- **Myndmennt** – Bylgja Lind Pétursdóttir
- **Textílmennt** - Halldóra Helga Valdimarsdóttir
- **Tónmennt** - Daniela N. Welling
- **Meikarasmíðja** - Eyberg Sólveigar Högnason

- **Smíði** - *Tinna Ýr Einisdóttir*
- **Leiklist** – *Unnur Edda Björnsdóttir*
- **Val B-rúllur 5. og 6. árgangur saman** - Rannveit Harpa, Krístrún Helga, Daníela, Sigfús, Hannes, *Tinna Ýr*, María Björg, Eyberg, Unnur Edda, *Halldóra Helga*, *Bylgja Lind*

Samþætting námsgreina

Námsgreinar í fléttast saman á margvíslegan hátt og má segja að sköpun sé stór hluti af námi nemenda í 1. bekk þar sem unnið er með hvern staf á lifandi og skemmtilegan hátt. Íslenskan er rauði þráðurinn í gegnum allar námsgreinar sem og lífsleiknin sem unnið er með jafnt og þétt til að auka skólafærni nemenda. Útinám er snar þáttur í skólastarfinu í 1. árgangi og í reglulegu útinámi fléttast námsgreinar saman.



Námsmat

Námsmat fer fram með símati kennara yfir allt skólaárið og tekur mið af hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla í öllum námsgreinum. Hæfniviðmið eru metin jafnóðum og verkefnum/könnunum lýkur. Foreldrar/forráðamenn hafa greiðan aðgang að matinu og eru hvattir til að fylgjast með því í Mentor. Notast er við hæfnitákni til að meta hvert hæfniviðmið. Lokamat í bókstöfum er gefið í íslensku, stærðfræði og skólaþróttum að vori. Í öðrum námsgreinum er lokamat gefið í hæfnitáknum.

Framúrskarandi: nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu umfram þá hæfni sem viðmiðið setur

Hæfni náð: nemandi hefur náð hæfniviðmiði

Á góðri leið: Nemandi þarf bara ögn meiri vinnu með hæfniviðmiðið til þess að ná því


Þarfnast þjálfunar: nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði sem unnið hefur verið með

Hæfni ekki náð: nemandi vann með ákveðið hæfniviðmi en náði ekki tókum á því

Skólanámskrár námsgreina

Íslenska

Traust kunnátta í móðurmáli er undirstaða góðrar menntunar. Jafnframt er lestur öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti. Hlutverk íslenskukennslu og máluppeldis er viðtækt og margbrotið. Góð lestarfærni er undirstaða ævináms og þess að geta aflað sér upplýsinga sem gerir þeim kleift að taka virkan þátt í lífi og menningu þjóðarinnar. Mikilvægt er að öll börn læri íslensku þannig að þau geti tekið fullan þátt í samfélaginu.



Kennsluskipulag

Íslenska í 6. árgangi er kennd í u.þ.b. 6 kennlustundir á viku.

Í íslensku 6. árgangi er unnið á fjölbreyttan hátt með:

- Innlögnum
- Sjálfstæðri vinnu
- Hópvinnu
- Þrautalausnum
- Gagnvirkum vefum
- Verklefum æfingum
- Umræðum og rökræðu

Námsþættir

- Málfræði
- Stafsetning
- Ritun
- Lestu og bókmenntir - frásögn
- Framsögn, tjáning, áhorf

Námsefni

- *Orðspor 2* lesbók og vinnubók
- *Annar smellur*
- *Söguskinna*
- *Ljóðspor*
- *Veraldarvefurinn*

- Snjallforrit
- Málið í mark
- Ritun rétt
- Orðagull



Námsmat

- Leiðsagnarmat
- Kaflapróf
- Verklef verkefni
- Heimanám

Stærðfræði

Stærðfræðinám er samfelld ferli. Þekking og skilningur á hugtökum, táknum og lögmálum stærðfræðinnar þróast á löngum tíma og við margvíslega reynslu. Megintilgangur náms í stærðfræði er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota stærðfræði sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Í stærðfræðinámi þurfa nemendur að þróa með sér hæfni til að setja fram og leysa viðfangsefni, ígrunda ólíkar aðferðir og líkön sem nýtast við lausnir þeirra og leggja mat á niðurstöður



Kennsluskipulag

Stærðfræði í 6. árgangi er kennd u.þ.b sex kennslustundir á viku.

Námsþættir

- Heilar tölur
- Tugabrot
- Almenn brot
- Tölfræði og líkindi
- Mynstur
- Mælingar
- Rúmmál
- Margföldun
- Deiling
- Rúmfræði
- Flatarmál
- Ummál
- Þrívídd
- Hnitaherfi
- Hlutföll
- Flutningar og hreyfingar
- Horn

Námsefni

- *Stika 2A – Stika 2B* nemendahefti, æfingahefti og vinnubók
- www.mms.is
- www.skolavefurinn.is
- Kubbar
- Speglar
- Lego
- Skeiðklukkur
- Talnagrindur
- Brotaspjöld
- Ýmis stærðfræðiöpp
- Annað ítarefni

Námsmat

Námsframvinna og hæfni nemenda er metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti Mentor. Tákn eru gefin fyrir hæfniviðmið en hæfnieinkunn í lok skólaárs í bókstöfum. Lögð er áhersla á leiðsagnarmat þar sem verkefni nemenda, virkni og vinnusemi er metin jafn óðum yfir önnina.

Samfélagsfræði og lífsleikni

Samfélagsgreinar eru þær greinar sem fjalla um samfélög og menningu á upplýsandi og gagnrýninn hátt. Þær eiga sér grundvöll í þeirri skyldu hvers samfélags að fræða nemendur um gildi eins og jafnrétti, lýðræði, umhyggju og virðingu og þýðingu þessara gilda fyrir farsælt líf. Markmið samfélagsgreina er að stuðla að skilningi nemenda á mörgum þeim hugmyndum og hugsjónum sem liggja til grundvallar viðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu.

Kennsluskipulag

Samfélagsfræði í 6. árgangi er kennd í lotum á móti náttúrufræði. Kallast á stundatöflu NaSa. NaSa tímarnir eru 7,5 kennslustundir á viku.

Í kennslunni er lögð áhersla á sjálfstæða vinnu nemenda ásamt innlögnum frá kennara. Nemendur vinna ýmis verkefni bæði einir en einnig í hópum með öðrum nemendum. Farið er í vettvangsferðir og áhersla á umræður og rökræður.

Námsþættir

- Landafraði - Norðurlönd
- Saga
- Trúarbrögð
- Lífsleikni



Námsefni

- *Norðurlöndi*
- *Frá Róm til Þingvalla*
- Þemahefti: *Þingvellir, Skálholt og Hólar*
- Hindúatrú, gyðingdómur og valið efni í kristinni trú
- *Lífið í Ásgarði*
- *Flóttamenn og farandfólk, Fordómar og þröngsýni*
- Olweusnámsefni
- *Ég og sjálfsmýndin*
- Valið efni af veraldarvefnum



Námsmat

Námsframvinda og hæfni nemenda er metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti Mentor. Tákn eru gefin fyrir hæfniviðmið en hæfnieinkunn í lok skólaársins í bókstöfum. Lögð er áhersla á

leiðsagnarmat jafnt og þétt yfir veturinn. Kaflapróf eru lögð fyrir ásamt ýmsum verklegum verkefnum sem eru metin auk virkni og frammistöðu í kennslustundum.

Náttúrufræði

Í náttúrufræðikennslu er áhersla á að nemendur séu vísindalæsir. Í því felst að þeir geti lesið texta um náttúruvísindi sér til gagns, notað hugtök úr greininni í daglegu lífi og skilið náttúruleg og manngerð fyrirbæri. Geri sér grein fyrir samspili manns og náttúru og valdi mannsins yfir tækni og öðlist tækifæri til að afla sér upplýsinga og vinna úr þeim. Þessi hæfni eflir skilning þeirra á nútímasamfélagi og hjálpar þeim að taka ákvarðanir í málefnum sem varða tengsl manns og náttúru.

Kennsluskipulag

Náttúrufræði í 6. árgangi er kennd í lotum á móti samfélagsfræði. Kallast á stundatöflu NaSa. NaSa tímarnir eru 7,5 kennslustundir á viku.

Unnið er á fjölbreyttan hátt með ýmsar þrautalausnir, einstaklings- og hópaverkefni ásamt umræðum og rökræðum nemenda. Einnig er unnið með tilraunir og skýrslugerð.

Námsþættir

- Lífverur
- Líkaminn
- Heimur vísindanna
- Geimurinn
- Sjór, vatn og frumefni

Námsefni

- *Náttúrulega 2*
- Efni á veraldarvefnum
- Kvikmyndir
- Tæki og tól við tilraunir



Erlend tungumál - Enska

Tungumálanám er mikilvægt því með því öðlast nemendur alhliða hæfni til að nota tungumálið sem verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Enska er lykiltunga á sviði æðri menntunar og vísinda og mikilvægt er að hafa gott vald á henni þegar nemendur koma í

menntaskóla og háskóla. Auk þess sem ör þróun á sviði stafrænnar fjölmiðlunar og upplýsingatækni hefur í för með sér að Íslendingar hafa aðgang að alls kyns efni sem krefst skilnings á ýmsum afbrigðum enskrar tungu.

Kennsluskipulag

Enska í 6. árgangi er kennd í eina og hálfu kennslustund, 60 mínútur á viku.

Námsþættir

- Hlustun, skilningur og samskipti
- Ritun, menningarlausni og námshæfni
- Málfræði
- Bein kennsla
- Hlustun
- Lestur
- Ritun
- Tjáning
- Einstaklingsverkefni
- Hópverkefni
- Stöðvavinna
- Leikir
- Paravinna
- Umræðu

Námsefni

- *Yes we can 6*
- Málfræðiæfingar
- *Amazing animals*
- *World of records*
- *Out in space*
- *Dickory*
- Léttlestrarbækur
- Snara.is (veforðabók)
- Verkefni í smáforritum
- Efni af veraldarvefnum
- Hlustunarefni
- Ýmis námsspil
- Ljósrit frá kennara

Námsmat

- Leiðsagnarmat
- Skrifleg próf og verkefni
- Munnleg könnun
- Sjálfsmat



Erlend tungumál - Danská

Annað erlenda tungumálið sem nemendur læra í grunnskóla er danská eða annað Norðurlandamál, hafi nemandi búið á Norðurlöndunum. Norðurlandamál eru kennd í grunnskólum vegna samskipta og menningartengsla við norrænar þjóðir. Samfélagsgerð

Þjóðanna byggir á sömu gildum og grundvallast á lýðræði, samvinnu og jafnrétti. Tilgangurinn er að viðhalda og styrkja tengslin við Norðurlandþjóðirnar og stuðla að því að Íslendingar eigi greiða leið t.d. að menntun og atvinnu í öllum Norðurlöndunum.

Kennsluskipulag

Danska í 6. árgangi er kennd í eina kennslustund, 40 mínútur á viku.

Í dönsku 6. árgangi er unnið á fjölbreyttan hátt með:

- Innlagnir
- Sjálfstæða vinnu
- Hópavinnu
- Þrautalausnir
- Gagnvirka vefi
- Verklegar æfingar
- Umræður og rökræður

Námsþættir

Lestur og ritun þar sem unnið er fyrst og fremst með orðaforða sem tengist:

- líkamanum, fjölskyldunni, heimilinu
- fatnaði og fylgihlutum
- vikudögum, mánuðum, árstíðum og klukkunni
- afmæli og öðrum hátíðardögum



Námsefni

- *Start* lesbók og verkefnabók
- Úrklippu- og verkefnabók, unnið áfram með glósubók frá því í 5. bekk.

Námsmat

Tákn eru gefin fyrir hæfniviðmið en lokaeinkunn að vori í bókstöfum.

Metið er í gegnum:

- Leiðsagnarmat
- Orðaforðakannanir
- Munnlegar kannanir
- Sjálfsmat
- Ritunarverkefni
- Verkefnabók - skylduverkefni
- Lesskilningur

Skólaíþróttir

Í skólaíþróttum er lögð áhersla á að nemendum sé kynnt hvað felst í heilbrigðum lífsháttum og góðum samskiptum auk þess að byggja upp jákvæða sjálfsmýnd þeirra. Markviss hreyfing og gott líkamlegt ástand skólabarna hefur jákvæð áhrif á námsgengi þeirra. Með áherslu á daglega hreyfingu er lagður grunnur að heilsu og velferð nemenda til lífstíðar. Í skólaíþróttum fá nemendur einnig fræðslu um mikilvægi hreyfinga og hreinlætis auk fræðslu um staðalmyndir og umræðu um einelti og annað ofbeldi.

Kennsluskipulag

Skólaíþróttir skiptast í íþróttir og sund.

Íþróttir er kenndar tvisvar í viku 40 mínútur í senn og allur árgangurinn er kenndur saman.

Sund er kynjaskipt og er kennt aðra hverja viku í 80 mínútur í senn.

Námsþættir

Sund:

- Bringusund, baksund, stílsund, björgunarsund, skriðsund, kafsund og sundleikir

Íþróttir:

- Efla þol og styrk
- Samhæfingar og teygjur
- Hlaupaleikir
- Kynning á flestum íþróttagreinum s.s Badmington, blak, Bandy, fótbolta, handbolta, körfubolta, frjálsum o.f.l.
- Einnig almenn lykilhæfni s.s. samstarf í hópi, stundvís og kurteisi bæði í sundi og íþróttum

Námsmat

- Verklegr próf
- Símat
- Mæting og virkni
- Hegðun og framkoma

Heimilisfræði

Heimilisfræði er ætlað að stuðla að góðu heilsufari, heilbrigðum lífsháttum og neysluvenjum, jafnrétti, hagsýni, fjármálalæsi, neytendavitund og verndun umhverfis. Í heimilisfræði gefst

tækifæri til að hafa áhrif á lífsstíl nemenda með markvissri fræðslu um hollustu og holla matargerð. Þekking og leikni í heimilisstörfum er kjarni heimilisfræðinnar og honum tengjast allir þættir námsins, fræðilegir sem verklegir.

Kennsluskipulag

Heimilisfræði í 6. árgangi er kennd á fjölbreyttan hátt í gegnum innlagnir og sýnikennslu. Einnig er áhersla á samvinnu nemenda og sjálfstæð vinnubrögð.

Námsefni

- *Gott og gagnlegt 2*
- Námsefni frá kennara
- Veraldarvefurinn



Námsmat

- Leiðsagnarmat
- Verkleg verkefni
- Vinnubók
- Virkni og vinnusemi

Hönnun og smíði

Í hönnun og smíði er áhersla lögð á að nemandinn verði sjálfstæður í verki og öðlist færni í að smíða hluti með fjölbreyttum efnum, verkfærum og tækni. Lögð er áhersla á að nemandinn sé virkur í hönnunarferli og móti útlit og uppbyggingu hluta miðað við notkun þeirra. Þar fléttast einnig inn áhersla á nýsköpun og hagnýtingu þekkingar. Nemandinn hefur þannig áhrif á umhverfi sitt og er um leið hvattur til að sýna umhverfinu nærgætni og virðingu.

Kennsluskipulag

Hönnun og smíði í 6. árgangi er kennd á fjölbreyttan hátt í gegnum innlagnir, verklegar æfingar, sjálfstæða vinnu nemenda og samstarf.

Hver lota er um 5 vikur, 80 mín í senn tvisvar í viku.

Námsþættir

Nemandi kynnist ýmsum áhöldum og verkfærum greinarinnar, mismunandi efnivið til trésmíða ásamt því að geta skipulagt vinnu sína og unnið sjálfstætt. Komið er inn á ýmsa sköpun og skissuvinnu.

Námsefni

- Tæki og áhöld greinarinnar
- Efni frá kennara
- Fjölbreyttur efniviður
- Skissuvinna
- Veraldarvefurinn

Námsmat

Námsframvinda og hæfni nemenda er metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti Mentor. Tákn eru gefin fyrir hæfniviðmið en hæfnieinkunn í lok skólaárs í bókstöfum. Lögð er áhersla á leiðsagnarmat þar sem verkefni nemenda, virkni og vinnusemi er metin jafn óðum yfir önnina.

Myndmennt

Allir hafa hæfileika til að skapa. Í myndmennt fá nemendur aðstæður og margvísleg tækifæri til að þroska þann hæfileika, dýpka hann og tileinka sér leiðir til að koma sköpun sinni í verk. Í skapandi starfi fá nemendur tækifæri til að virkja og efla ímyndunarafli sitt, þjálfast í að taka ákvarðanir þar sem þeir vege og meta mismunandi valkosti og sjá afleiðingar af vali sínu.

Kennsluskipulag

Myndmennt í 6. árgangi er kennd í hópum yfir veturinn.

Unnið er á fjölbreyttan hátt með:

- Verklegar æfingar.
- Samvinnu nemenda og sjálfstæð vinnubrögð.
- Sýnikennslu og innlagnir.
- sköpun og persónulegar útfærslur

Námsþættir

Í myndmennt öðlast nemendur tækifæri til að læra og tjá sig án orða. Lögð er áhersla á að nemendur þroski sköpunarmátt sinn, fái jákvæða upplifun og öðlist virðingu fyrir mynd- og handverki. Markmið kennslunar er að nemendur þroski og þjálfu hug og hendur, tjái eigin hugmyndir með viðeigandi vinnubrögðum í margskonar efnivið ásamt því að efla hugmyndaflug, sköpunarhæfileika og sjálfstæði.

Markmið kennslunar í 6. árgang er að :

- Nemandi vinni með stærðir og hlutföll
- Nemandi geti nýtt sér mismunandi efni og verkfæri í eigin sköpun, s.s. málun, kolakrít, pastelliti, mynstur, tússliti, trélitu, penna
- Nemandi geti beitt helstu tækni sem námsgreinin býr yfir
- Nemandi geti gengið frá verkefnum, efnum og áhöldum
- Nemandi kunnir skissugerð og öðlist skilning á mikilvægi hennar sem hluta af vinnuferli
- Nemandi teikni hluti eftir fyrirmynd, s.s. uppstillingu
- Nemandi skoði mynddæmi um verk unnin í anda impressjónisma og geti lýst einkennum hans
- Nemandi geti unnið þrívíð verk

Námsefni

- Efni frá kennara
- Tæki og áhöld greinarinnar
- Skapandi forrit í tölvum og veraldarvefurinn
- Fjölbreyttur efniviður

Námsmat

Námsframvinda og hæfni nemenda er metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti Mentor. Tákn eru gefin fyrir hæfniviðmið en hæfnieinkunn í lok skólaárs í bókstöfum. Lögð er áhersla á leiðsagnarmat þar sem verkefni nemenda, virkni og vinnusemi er metin jafn óðum yfir önnina.

Textílmennt

Textílmennt er yfirgrípsmikil grein sem á sér djúpar rætur í menningu og sögu þjóðarinnar, verkmenningu og listum. Textílnám byggist á handverkshefð, þekkingaröflum, hugmyndavinnu og sköpun. Áhersla er lögð á framkvæmd, ferli, nýja tækni og sjálfstæð vinnubrögð sem gefur nemendum tækifæri til að beita fjölbreyttum aðferðum og skilja eðli og eiginleika greinarinnar. Í textílnámi greina nemendur, meta og setja textíl í samhengi við umhverfi, menningu, listir, nýsköpun og hagnýtingu þekkingar.

Kennslukipulag

Í textílmennt í 6. árgangi er unnið á fjölbreyttan hátt með:

- Einstaklingsvinnu
- Samvinnu nemenda

- Skriflegum leiðbeiningum
- Innlögnum
- Gagnvirkum vefum

Námsþættir

- Sköpun
- Hönnun
- Verkfærni

Námsefni

- Uppskriftir
- Snið
- Kennslumyndbönd
- Fjölbreytt hráefni til að vinna með

Námsmat

- Leiðsagnarmat
- Verklegr verkefni
- Virkni og vinnusemi

Tónmennt

Tónlist er snar þáttur í lífi og leið til sköpunar og tjáskipta, sem einstaklingar fara til að tjá tilfinningar sínar, skoðanir og gildi. Í tónlistariðkun felst hlustun, sköpun og flutningur. Tónlistariðkun krefst líkamlegrar samhæfingar, greinandi hugsunar og tilfinningatengsla. Tónlistarkennsla í grunnskóla á að efla næmi nemenda og þekkingu á frumþáttum tónlistar; til þess að þeir geti gert sér grein fyrir gildi hennar í eigin lífi og notið hennar á uppbyggilegan og markvissan hátt.

Kennsluskipulag

Tónmennt er kennd tvisvar sinnum í viku 80 mínútur í senn í 6-7 vikna tímabíl.

Kennt er í gegnum leiki og söng ásamt sýnikennslu og umræðum.

Kennslustundirnar eru fjölbreyttar og skipulagið er eftirfarandi:

- Söngur og hreyfingar
- Dans og "body percussion"
- Tónfræði (hljóðfæri og tónlistahugtök)
- Tónlistargerð / Sköpun

- Hlustun, áhorf og greining (meðal annars Sinfóníuhljómsveit Islands, Eurovision, tónleikar og tónlistarmyndbönd)

Námsþættir

Í Aðalnámskrá grunnskóla frá árinu 2013 skiptast hæfniviðmiðin í tónmennt fyrir 5.-7. bekk í þrjá flokka:

- Söngur og hljóðfæraleikur: fjölbreyttur söngur, slagverkshljóðfæri, taktur, dans og hreyfing, samhæfing hugar og handar
- Sköpun og skráning: hljóðfæratónsmíðar, hljóðvinnsla, rafrænar tónsmíðar
- Hlustun og greining: hljóðfæri, tónlistarstílar, grunnhugtök í tónlist

Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

Námsefni

Kennsluefni er búið til af tónlistarkennaranum.

Úr eftirfarandi bókum er valið efni notað:

- Syngjandi Skóli
- Söngvasafn 1 & 2
- Sígild sönglög 1 & 2 - 100 íslenskir og erlendir "rútubílasöngvar" - nótur, hljómar og grunntextar

Hljóðfæri og tæki:

- Píanó og hljómborð
- Slagverkshljóðfæri
- Boomwhackers
- Úkúlele
- Hátalari og míkrafonn

Öpp og tónlistarforrit:

- Chrome Music Lab
- Garage Band
- Spotify
- Kahoot

Námsmat

Notast er við símat sem byggir á reglulegum verkefnum og könnunum.

Námsmat er lokamat og er skráð á hæfnikort nemandans í lok tímabilsins.

Upplýsinga- og tæknimennt

Upplýsinga- og tæknimennt felur í sér miðlamennt, skólasafnsfræði, tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni. Megintilgangur kennslunnar er að efla upplýsinga- og miðlalæsi nemenda og hjálpa þeim að öðlast almenna tæknifærni og tæknilæsi. Læra að nýta sér ýmsan tækjabúnað til að afla sér þekkingar og miðla henni, upplýsingalæsi felur í sér hæfni til að greina, ná í, meta og búa til miðlaskilaboð. Nemendur verða þannig læsir á texta og töluleg gögn ásamt því að ná góðri færni í fingrasetningu.

Kennsluskipulag

Upplýsingatækni í 6. árgangi er kennd 80 mínútur aðra hvora viku í breytilegum hópum með u.þ.b. 8-13 nemendum í hverjum hóp, þessir tímar eru kenndir á móti sundi.

Kennari nýtir sér innlagnir og sýnikennslu og er áhersla lögð á sjálfstæð vinnubrögð nemenda ásamt samvinnu.

Megintilgangur kennslu í upplýsinga- og tæknimennt er að efla upplýsinga- og miðlalæsi nemenda og hjálpa þeim að öðlast tæknifærni og tæknilæsi. Tæknifærnin felur m.a. í sér getu til að nýta ýmsan tæknibúnað og fjölbreyttar úrvinnsluleiðir, tæknilæsi að nýta tækjabúnað til að afla sér þekkingar og miðla henni, upplýsingalæsi felur í sér hæfni í að afla, flokka og vinna úr upplýsingum á gagnrýninn og skapandi hátt og miðlalæsi felur í sér hæfni til að greina, ná í, meta og búa til miðlaskilaboð.

- Bein kennsla
- Einstaklingsvinna
- Para- og hópavinna
- Ritun
- Gagnvirkir vefir
- Sjálfstæð verkefnavinna

Námsþættir

Námsþættirnir sem unnið er með eru:

- Vinnulag og vinnubrögð
- Upplýsingaöflun og úrvinnsla
- Tækni og búnaður
- Sköpun og miðlun
- Siðferði og öryggismál

Námsefni

- Gagnvirkt efni á mms.is

- Ritvinnsla
- Vefsíður
- Smáforrit
- Senda tölvupóst

Námsmat

Námsframvinda og hæfni nemenda er metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti Mentor. Tákn eru gefin fyrir hæfniviðmið en hæfnieinkunn í lok skólaársins í bókstöfum. Lögð er áhersla á leiðsagnarmat jafnt og þétt yfir veturinn.